

UMH20120084

UMH20120084

SAMÞYKKT um fráveitu í Rangárþingi eystra.

I. KAFLI

Gildissvið og markmið.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um fráveitu Rangárþings eystra eins og hún er skilgreind í 3. tölul. 3. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og nær til allra fasteigna, íbúðarhúsnæðis, frístundahúsnæðis, stofnana og atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu. Samþykktin nær til allra fráveitna, þar með talið allra mannvirkja sem reist eru til meðhöndlunar eða flutnings á frárennsli, svo sem rotþróa með siturlögn, annarra hreinsivirkja, set- og sandskilja, fellitanka og olíu- og fitugildra.

Kröfur um söfnun, hreinsun og losun frárennslis byggja á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og reglugerðum um fráveitur og skólþ, um meðhöndlun seyru, um varnir gegn mengun vatns og um varnir gegn mengun grunnvatns.

Samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir hefur Heilbrigðisnefnd Suðurlands eftirlit með framkvæmd samþykkt þessarar.

Sveitarstjórn heldur skrá yfir hreinsivirki, svo sem rotþrær, siturlagnir og settanka og færir staðsetningu þeirra í skipulagsáætlanir sveitarfélagsins. Þeir aðilar sem sjá um hirðu og meðhöndlun seyru skulu hafa til þess tilskilin starfsleyfi í samræmi við reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

2. gr.

Markmið samþykktar þessarar er að:

- skýra skyldur sveitarfélagsins og notenda hvað varðar fráveitumál og fráveituframkvæmdir,
- tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitna þannig að frárennsli valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið,
- skýra réttindi og skyldur eigenda og notenda fráveitna og
- stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og starfrækslu fráveitna.

II. KAFLI

Fráveitur.

3. gr.

Rangárþing eystra starfrækir fráveitu, sveitarsjóður kostar rekstur hennar og framkvæmdir við hana. Sveitarstjórn ákveður framkvæmdir við fráveitu og veitir árlega fé í fjárhagsáætlun til reksturs og framkvæmda við hana. Tækni- og umhverfissvið sveitarfélagsins fer með umsjón, framkvæmdir og rekstur fráveitu sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

Rangárþing eystra ber ábyrgð á uppbyggingu fráveitna í sveitarfélaginu í samræmi við 1. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

Rangárþing eystra getur tekið að sér fráveitur á öðrum svæðum í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn eða félag í eigu sveitarfélaga er heimilt að gera þjónustusamninga við einkaaðila um rekstur fráveitu sveitarfélagsins að hluta til eða að öllu leyti.

Sveitarstjórn er heimilt að fela stofnun eða félagi sem að meiri hluta er í eigu sveitarfélaga skyldur sínar og réttindi hvað varðar uppbyggingu, rekstur og eignarhald fráveitna skv. 6. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

4. gr.

Fráveita Rangárþings eystra veitir frárennsli, sem getur verið húsaskólþ, iðnaðarskólþ, ofanvatn, frárennslisvatn hitaveitu, kælivatn og ræsisvatn um fráveitulagnir frá byggð til hreinsivirkis og síðan til viðtaka.

Einföld fráveita veitir skólþi og ofanvatni saman í einni fráveitulögn en tvöföld fráveita veiti skólþi og ofanvatni í tveimur aðskildum fráveitulögnum.

Sveitarsjóður er eigandi fráveitna sveitarfélagsins að heimæðum húseigna í Rangárþingi eystra. Ennfremur á sveitarsjóður allan fráveitubúnað, brunna, niðurföll, dælustöðvar og hreinsistöðvar. Óheimilt er að leggja fráveitulögn í aðalfráveitu nema með leyfi sveitarstjórnar og er mönnum skylt að lúta í einu og öllu

fyrirmælum um gerð og legu fráveitna. Til fráveitna heyra, útrásir, stofnræsi, götuholræsi, ofanvatnsræsi í götum og opnum svæðum og götufráræsi að fráræsum húseigna.

5. gr.

Þar sem fráveita sveitarfélagsins nær til skal húseigendum séð fyrir götufráræsi frá götuholræsi að lóðamörkum húseigna. Þar sem fráveitan liggur um lóðir skal séð fyrir tengigreini á holræsalögn. Tækni- og umhverfissvið sveitarfélagsins ákveður legu götuholræsa og tengigreina, ásamt tengikótum. Sveitarfélaginu er heimilt að tengja hús í þéttbýli við rotþrær með siturlögn eða önnur stök hreinsivirki ef kostnaðar- eða tæknilegar forsendur krefjast þess. Umræddur hreinsibúnaður er eign sveitarfélagsins og á ábyrgð þess.

6. gr.

Húseigendum sem eiga húseignir við vegi eða opin svæði þar sem fráveita sveitarfélagsins liggur er skylt að annast á sinn kostnað lagningu og viðhald heimæða fyrir frárennsli frá húseignum sínum og tengja þau við fráveituna. Þegar lögð er tvöföld fráveita skulu húseigendur halda skólpi aðskildu frá ofanvatni og bakrennslisvatni hitaveitu. Að öðru leyti gilda ákvæði laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, reglugerðar um fráveitur og skólp og reglugerðar um meðhöndlun seyru.

7. gr.

Þegar ekki er unnt að ná nægilegum halla á frárennslislögn húseignar að fráveitu sveitarfélagsins skal húseigandi leiða fráveituvatn frá húseigninni að stöku hreinsivirki, svo sem rotþró með siturlögn eða safnbrunni þannig staðsettum að hægt sé að veita frárennsli frá hreinsivirkinu í fráveitu sveitarfélagsins. Hafi fráveita ekki verið komin þegar húseign var byggð skal húseigandi kosta og tengja fráveitu húseignar sinnar við fráveitu sveitarfélagsins eftir að hún hefur verið lögð.

8. gr.

Í dreifbýli þar sem fráveita sveitarfélagsins nær ekki til skulu húseigendur leiða frárennsli húsa um hreinsivirki. Kerfisbundin söfnun og sameiginlegt hreinsivirki skal þó vera á svæðum sem falla undir 3. og 4. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Enn fremur skal sveitarstjórn setja ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki inn í deiliskipulag þar sem það á við. Húseigandi kostar niðursetningu og annan frágang staks hreinsivirkis, svo sem rotþró með siturlögn, og lagna svo og viðhald þeirra en sveitarstjórn getur sett sérstakar reglur um stuðning við framkvæmdirnar. Stakt hreinsivirki, svo sem rotþró með siturlögn, skal samþykkt af byggingarfulltrúa. Rotþrær skulu uppfylla kröfur og leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um stærð og siturlagnir og vera samþykktar af heilbrigðisnefnd. Önnur hreinsivirki skulu samþykktar af Umhverfisstofnun eða heilbrigðisnefnd, eftir því sem við á.

Um meðhöndlun seyru fer samkvæmt reglugerð um meðhöndlun seyru.

Hverja rotþró og önnur hreinsivirki skal hreinsa og tæma eftir þörfum samkvæmt nánari ákvæðum samþykktar þessarar. Losun fer fram á vegum Rangárbings eystra og skal heilbrigðisnefnd hafa eftirlit með framkvæmd hennar.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum aðilum meðhöndlun seyru, þ.m.t. framkvæmd losunar, flutning, endurnýtingu og förgun. Meðhöndlun seyru er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar í samræmi við ákvæði reglugerðar um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Farga skal seyru í viðurkenndri móttökustöð í samræmi við ákvæði laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Ef nýta á seyru þarf samþykki Heilbrigðisnefndar Suðurlands hverju sinni.

9. gr.

Þegar tengja skal heimæð húseigna við fráveitu sveitarfélagsins eða veita fráveituvatni frá þeim um hreinsivirki skal sækja um það til byggingarfulltrúa sveitarfélagsins á þar til gerðum eyðublöðum. Umsóknir skulu undirritaðar af húseigendum eða fullgildum umboðsmönnum þeirra ásamt pípulagningameistara þeim sem verkið á að vinna. Umsóknum skulu fylgja teikningar af fráveitulögnum húsa og lóða og fráveitum frá húseignum sem tengja á fráveitu sveitarfélagsins. Umsóknum um rotþrær skulu fylgja teikningar sem sýni gerð þeirra, stærð og staðsetningu og siturleiðslur að viðtaka auk teikninga af fráveitulögnum húsa og lóða. Hreinsivirki skal valin þannig staður að auðvelt sé að komast að henni með tæki til hreinsunar.

10. gr.

Teikningar skulu fylgja almennum reglum um hönnun fráveitulagna í húsum, sbr. byggingarreglugerð, íslenska staðla og byggingarskilmála. Allt efni skal standast kröfur um efni og vinnu sem gerðar eru á hverjum tíma.

11. gr.

Byggingarfulltrúi sveitarfélagsins skal hafa eftirlit með því að fráveitulagnir frá húseignum séu lagðar samkvæmt samþykktum teikningum. Áður en lagnir eru huldar skal einnig taka út og viðurkenna fráveitu frá húseignum og tengingar þeirra við fráveitu sveitarfélagsins eða stök hreinsivirki, svo sem rotþrær og siturlagnir.

12. gr.

Eigendum fasteigna er skylt að hlíta því að lagnir fráveitu sveitarfélagsins séu lagðar um lóðir þeirra eða lönd og fram fari nauðsynlegt viðhald og hreinsun. Sveitarfélaginu er skylt að halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

13. gr.

Húseigandi annast allt viðhald á fráveitulögnum húsa og stakra hreinsivirkja á sinn kostnað, er skylt að halda þeim vel við og gæta þess að þær stíflist ekki. Óheimilt er að láta í fráveitu sveitarfélagsins hvers kyns spilliefni, t.d. olíur, bensín, lífræn leysiefni, eða annað það sem skemmt getur eða truflað rekstur fráveitukerfisins eða skaðað viðtaka.

Eigendum húseigna sem skylt er að hafa fitu- eða olíugildru á fráveitu bera ábyrgð á að slíkum búnaði sé komið fyrir og viðhaldið. Olíugildru skal a.m.k. setja við bifreiðaverkstæði og aðra sambærilega mengandi starfsemi. Fitugildirur skulu vera á fráveitum stóreldhúsa.

Um mengunarvarnir fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settra samkvæmt þeim, svo og starfsleyfum.

14. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum, og ekki sjaldnar en þriðja hvert ár og skal húseigandi tryggja greiðan aðgang að þeim. Hreinsun fer fram á vegum sveitarfélagsins eða þess aðila sem falin er framkvæmd verksins og skal hann hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar til að annast verkið. Forstöðumaður umhverfis- og tæknisviðs sveitarfélagsins ákveður verktilhögun og annað sem skiptir máli til að tryggja góðan árangur.

15. gr.

Sveitarfélagið annast alla meðferð seyru í sveitarfélaginu í samræmi við reglugerð um meðhöndlun seyru. Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum aðilum sem hafa til þess starfsleyfi heilbrigðisnefndar að annast meðhöndlun seyru í umboði sveitarstjórnar.

16. gr.

Þar sem húseignir í dreifbýli liggja utan vega sem þola umferð hreinsibíla og ekki er kleift að koma þeim að rotþró er tæming rotþróa á ábyrgð og umsjón húseigenda. Sama á við um önnur stök hreinsivirki.

17. gr.

Þar sem hætta er á að fráveituvatn frá fráveitu sveitarfélagsins flæði til baka um frárásilagnir frá húseigendum vegna vatnsyfirborðsriss af völdum ofanvatns eða hárrar sjávarstöðu skulu húseigendur koma fyrir sjálfvirkum flóðalokum við gólfniðurföll.

III. KAFLI

Gjaldtaka.

18. gr.

Sveitarfélaginu er heimilt að innheimta stofngjald vegna tengingar og lagningar frárennslislagna frá lóðamörkum húseigenda við holræsakerfi sveitarfélagsins. Gjaldið og gjalddagi þess skal ákveðið í gjaldskrá samkvæmt 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Gjaldinu skal varið til þess að standa straum af kostnaði af rekstri og viðhaldi fráveitu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn setur og lætur birta gjaldskrá í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 8. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

19. gr.

Af þeim fasteignum í Rangárþingi eystra sem liggja við vegi, götur eða opin svæði og tengjast fráveitulögnum sveitarfélagsins skal árlega greiða fráveitugjald og skal því varið til þess að standa straum af kostnaði við fráveitu sveitarfélagsins.

Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera hlutfall af fasteignamati fasteignar í heild, þ.e. húsa, mannvirkja, lóða og landa, samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 og samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna.

20. gr.

Fráveitugjald greiðist af skráðum eiganda fasteignar ef um eignarlóð er að ræða en af skráðum eiganda húsa eða annarra mannvirkja á leigulóðum og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá sem sveitarstjórn setur og birtir í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við 8. mgr. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna. Fráveitugjaldið innheimtist á sama hátt og önnur fasteignagjöld til sveitarfélagsins.

Fráveitugjaldi og tengigjaldi ásamt innheimtukostnaði og vöxtum fylgir lögveðsréttur í fasteigninni í tvö ár frá gjalddaga. Lögveð þetta gengur fyrir eldri sem yngri sammings- og aðfararveðum og yngri lögveðum. Ef hús brennur eftir að fráveitugjald eða heimæðargjald gjaldfellur er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð fasteignarinnar.

21. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró, annarra stakra hreinsivirkja og förgun seyru skal húseigandi greiða gjald sem standa skal undir útlögðum kostnaði sveitarfélagsins vegna verksins. Gjald má aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið. Gjald þetta skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna, sbr. og ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Sveitarstjórn setur og lætur birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda í samræmi við ákvæði 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Rotþróargjald skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til sveitarsjóðs. Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu eða þegar um sérstaka rotþró við útihús er að ræða. Gjald þetta má þó aldrei vera hærra en svo að nemi sannanlegum kostnaði við verkið. Einnig er sveitarstjórn heimilt að nýta sér heimild sbr. lög nr. 137/1995 um niðurfellingu eða lækkun til tekjulitilla elli- og örorkulífeyrisþega.

IV. KAFLI

Málsmeðferð og gildistaka.

22. gr.

Hafi íbúar fram að færa kvörtun vegna fráveitumála eða seyruhirðu skal koma henni á framfæri við fulltrúa sveitarfélagsins eða Heilbrigðisnefnd Suðurlands.

23. gr.

Um valdsvið og þvingunarúrræði fer samkvæmt XVII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um viðurlög fer samkvæmt XIX. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Heimilt er að kæra stjórnvaldsákvæðanir samkvæmt þessari samþykkt til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála..

24. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, ákvæðum 2. mgr. 8. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og samkvæmt 10. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 200/2005 um fráveitu í Rangárþingi eystra.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 2. júlí 2021

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir / Trausti Ágúst Hermannsson